



Reykjavík, 31. maí 2013

### **Niðurstaða athugunar á lánveitingum Almenna lífeyrissjóðsins til einstaklinga**

Fjármálaeftirlitið hefur framkvæmt athugun á lánveitingum Almenna lífeyrissjóðsins til einstaklinga, með vísan til 44. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og 9. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Athugunin var framkvæmd á fyrsta ársfjórðungi 2013 með öflun gagna vegna 31 útláns lífeyrissjóðsins til einstaklinga og fyrirspurnum í tengslum við þau gögn. Niðurstöður athugunarinnar eru byggðar á þeim upplýsingum sem aflað var og miðast við stöðuna á þeim tíma sem athugunin fór fram.

Að mati Fjármálaeftirlitsins eru fyrrgreindar lánveitingar lífeyrissjóðsins í samræmi við gildandi lög, fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða og lánareglur sjóðsins.

Í samræmi við 9. gr. a laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, og gagnsæisstefnu Fjármálaeftirlitsins birtir stofnunin hér með opinberlega niðurstöðu nefndrar athugunar.